

➤ Uppvakningarnir ráfa um jörðina myrðandi og étandi alla þá eftirlifendur sem verða á vegi þeirra. 31



Morgunblaðið/Sigurgeir S

Hátíð Frá undirbúningi myndlistarsýningar Listar án landamæra.

List án landamæra

● Listahátíð um land allt í áttunda sinn

Listahátíðin List án landamæra hefst í dag í áttunda sinn. Hátíðin verður sett í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 17:00 og verður haldin víða um land fram í miðjan maí.

Við setningu hátíðarinnar koma fram ýmsir listamenn, meðal annars vestfirski karlakórinn Fjallabræður, sem kemur fram ásamt táknmálakórnum sem „syngur“ á táknmáli, Erla Björk leikur á bongótrommur, Diddú kemur fram ásamt Aileen Svendsdóttur og Tara Pöll, Jakob Alexander, Kolbeinn Örn, Helgi M. og Ásta Hlökkvers bjóða upp á rímnaflæði með aðstoð Birkis Halldórs-sonar úr Forgotten Loes. Valur Geislaskáld les ljóð og Guðrún S. Gísladóttir les upp úr bókinni „Undur og örlög“ eftir Áslaugu Ýr Hjartardóttur. Kynnir verða Gunnar Þorkell Þorgrímsson og Björn Thors.

Meðal viðburða á hátíðinni í ár eru sýningar og uppákomur úti og inni í Norræna húsinu í samstarfi við Vatnsmýrarhátíð og þar á flötinni rís risavaxin blómabreiða, við sjáum íslensk eldfjöll með augum finnskra listamanna. Það verður sýning og málþing í Þjóðminjasafninu, leiksýning og tónleikar í Iðnó, risastór trjá-vörður tekur sér bólfestu í Kjarnaskógi, svo fátt eitt sé talið, en atriði á hátíðinni verða haldin í Reykjavík og Kópavogi, á Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, Sólheimum í Grímsnesi, Akranesi, Borgarfirði, Fellsenda í Dölum og Reykjanesbæ. Nánari upplýsingar er að finna á bloggsíðu hátíðarinnar, <http://listanlandamæra.blog.is/>.

Biblían kemur út í kilju



Ný kiljuútgáfa Biblíunnar.

útgáfan er tæpar 1.900 síður í kiljubroti og á þunnan pappír.

JPV útgáfa gefur Biblíuna út í samstarfi við Hið íslenska Biblíufélag sem annast hefur útgáfu íslenskra Biblíu frá árinu 1815.

Myndlist

Innsetning í kúlu Ásmundarsafns

Næstkomandi laugardag kl. 16:00 verður innsetning Magnúsar Árnasonar opnuð í kúlu Ásmundarsafns. Innsetningin ber yfirskriftina *Homage* og er endurgerð af tilraun franska efnafræðingsins Louis Pasteur (1822–1895) sem afsannaði kenninguna um sjálfsvikun lífs sem var nánast viðurkennd af mörgum vísindamönnum allt fram á seinni hluta nítjándu aldar. Í innsetningunni verður þróunin áhorfendum sýnileg yfir sýningartímann.

Kl. 14:00 á sunnudag ræða Magnús Árnason og dr. Guðmundur Eggertsson liffræðingur um innsetninguna í kúlu Ásmundarsafns.



Magnús Árnason

Dans

Alþjóðlegur dansdagur í Reykjavík

Alþjóðlegi dansdagurinn verður haldinn hátíðlegur um allan heim á morgun og einnig hér á landi. Félag íslenskra listdansara, FÍLD, og fleiri aðilar innan danssamfélagsins standa fyrir margvíslegum uppákomum. Þannig verður „pop-up“ safn íslenskrar danssögu í Tjarnarbíói, nú íslenskar verðlauna-dansstuttmyndir verða sýndar í Bíó Paradís og opnir þjálfunartímar og opin spunalota með Katrínu Gunnarsdóttur verða á Dansverkstæðinu Skúlagötu 28. Dansráð Íslands stendur einnig fyrir dansuppákomu í Smáralind kl 17:00-19:00.



Katrín Gunnarsdóttir

Bækur

Morð og möndlulykt í jólaboði

Komin er út bókinn *Morð og möndlulykt* eftir sænska rithöfundinn Camilla Läckberg. Uppheimar gefa út. *Morð og möndlulykt* er stutt stök saga og ekki hluti bókaáðarinnar um Ericu og Patrik, en gerist þó á sömu slóðum og persónur sem þekktar eru úr fyrri bókum koma við sögu.

Á síðasta ári var Camilla Läckberg söluhæsti kvenrithöfundurinn í Evrópu og tvær mest seldu kiljur á Íslandi, *Haflmeyjan* og *Vítavörðurinn*, voru eftir hana. Sigurður Þór Salvarsson þýddi bókina. Hluti af andvirði hvernar seldrar bókar rennur til félagsins Umhyggju.



Kápa Morðs og möndlulyktar.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Gestabók Nokkrar eiginhandarritanir voru komnar upp á vegg í fyrradag, þegar ljósmyndara bar að garði. Sander virðir þær fyrir sér.

Heilluð af íslenskri mannanafnahefð

● Gestir móta sýningu Karin Sander í i8 gallerí með eiginhandarritunum sínum

Helgi Snær Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is

Þýska myndlistarkonan Karin Sander opnaði í gær sýninguna Guestbook, eða Gestabók, í i8 gallerí við Tryggvagötu og stendur hún til 4. júní. Sýningin veltur á þátttöku sýningargesta því eiginhandarritanir þeirra eru verkin. Gestir hafa þann valkost að rita nafn sitt á blöð af stærðinni A4 sem síðan eru sett í smelluramma og þeir hengdir upp á vegg gallerísins. Gestirnir mega ráða hvar ramminn er hengdur upp og hafa þeir því bæði verkin í höndum sér sem og upphengingu þeirra. Inn af sýningarsalnum er annað verk eftir Sander að finna, verk sem sýningargestir koma einnig að því að móta því þeir geta ráðað teikningum eftir Sander stafrænt á myndflöt eftir sínu höfði.

Bláðamaður stóðst ekki mátið þegar hann hitti Sander í gær, ritaði nafn sitt á blað (heldur klúðurslega, því miður) og valdi framlagi sínu góðan stað fyrir miðju eins sýningarveggjanna. Ánægjulegt að vera orðinn hluti af sköpunarverki heimskunnus myndlistarmanns, þó eiginhandarritunin hafi ekki beinlínis verið glæsileg. En skyldi það hafa áhrif á rithönd sýningargesta að eiginhandarritunin sé hluti af sýningu virts listamanns? Ætli fólk vandi sig þá sérstaklega? „Auðvitað,“ segir Sander, þegar blaðamaður ber þær vangaveltur undir hana. „Þegar eitthvað mikilvægt er á ferð, t.d. þegar þú ártar krítarkortíð þitt eða vegabréfið þitt, ertu miklu meðvitaðri um eiginhandarritun þína en ella.“

–Eiginhandarritanirnar virka eins og portrett af sýningargestum ...?

„Já, en þær eru líka eins og teikningar á papp-

ír. Listamenn árita sköpunarverk sín og í þessu tilfelli hafa sýningargestir skapað eitthvað, áritanirnar verða portrett af því,“ bætir Sander við. Hún sé heilluð af íslenskum mannanöfnum, að í nöfnum Íslendinga komi fram hvers synir eða dætur þeir séu frekar en ættarnöfn, þó vissulega beri margir ættarnöfn, og það sé hluti hugmyndarinnar að baki sýningunni. Íslensk mannanöfn hafi veitt henni innblástur. „Nafnið vísar alltaf til þess hvaðan manneskjan kemur, hún er sonur eða dóttir tiltekinnar manneskju og hún er sonur eða dóttir þessarar manneskju,“ segir Sander. Þetta myndi ákveðna línu sem tengist verkunum á sýningunni, línunum sem fólk dragi þegar það riti nöfn sín með jafnólíkum hætti og það er margt.

Tenging milli ólíkra verka

Meðal þekktustu verka Sander eru smástyttur sem bera yfirtítilinn 1:10, nákvæmar eftirmyndir sem hún lét gera af vinum sínum og vandamönnum. Við gerð þeirra var notast við 360° tölvuskanna með myndavélum sem mynduðu fólk frá öllum hliðum. Tölvustýrð vél sá svo um að móta stytur af fólkinu úr akrýlplast og önnur um að mála þær nákvæmlega, með réttum húðlit viðkomandi og litum í klæðum. Sander segir sýninguna í i8 tengjast þeim verkum að því leyti að í báðum tilfellum séu fengnir þátttakendur til að skapa verkin og úr verði portrett, ólík þó.

karinsander.de
i8.is

ÚR FERILSKRÁNNI

Áhrifamikill myndlistarmaður

Karin Sander er í 362. sæti á lista yfir áhrifamestu myndlistarmenn samtímans, lifandi og látna, skv. myndlistarvísitölu vefsíðunnar Artfacts.net en það mun vera þýsna gott í ljósi þess að tugir þúsunda myndlistarmanna eru á listanum. Sander fæddist árið 1957 í Bernsberg í Þýskalandi og nam við Staatliche Akademie der Bildenden Künste Stuttgart á árunum 1981-1987 og var einn ár í læri við Whitney-safnið í New York, 1989-1990.

Sander hefur sýnt í mörgum virtum söfnum og galleríum víða um heim, m.a. Guggenheim-safninu og MoMA í New York, Staatsgalerie Stuttgart og Museum Moderner Kunst Stiftung Ludwig í Vínarborg. Hún hefur haldið nokkrar sýningar hér á landi og tekið þátt í samsýningum, í i8 gallerí og Safni. Á árunum 1999-2007 gegndi hún prófessorsstöðu við Academy Weissensee í Berlín og árið 2003 gegndi hún einnig prófessorsstöðu við Elam School of Fine Arts í Auckland, Nýja-Sjálandi. Frá árinu 2007 hefur hún gegnt prófessorsstöðu við Swiss Federal Institute of Technology í Zürich í Sviss.

Smástytta Sand af sjálfri sér, gerð á þessu ári.

